

## Skólaráðsfundur 31. maí 2021 - fundargerð

Mættir: Anna Guðmundsdóttir deildarstjóri eldra stigs, Edda Björnsdóttir umsjónarkennari, Helga Jóna Pálmadóttir aðstoðarskólastjóri, Halldór Einarsson umsjónarmaður, Heimir Örn Herbertsson formaður Foreldrafélags Melaskóla, Jórunn Pálsdóttir verkefnastjóri í tæknimennt, Markús Már Efraim fulltrúi grenndarsamfélagsins og Steinunn María Stefánsdóttir fulltrúi foreldra. Gestir á fundinum voru Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskóla SFS, Guðný Reynisdóttir mannauðsráðsgjafi SFS og Ólöf Kristín Sívertsen verkefnastjóri SFS sem jafnframt skrifaði fundargerð.

Soffía Vagnsdóttir fór yfir kynningu varðandi stöðu mála í Melaskóla og niðurstöðu vinnu ráðgjafa með stjórnendum og starfsfólki skólans frá hausti 2020 og fram til 20. maí 2021. Upplýst var að skólastjóri hefði sagt upp störfum. Jafnframt voru kynntar þær breytingar sem verða á stjórnskipulagi skólans og um ráðningu nýs skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, Jóns Péturs Zimsen og Helgu Reynisdóttur. Kynninguna má finna í viðhengi með fundargerðinni.

Fulltrúi foreldra bókar eftirfarandi: Skólastjóri stakk upp á því í skólaráðinu að fá ráðgjafateymi frá SFS til aðstoðar sem skólaráðið samþykkti. Það að skrifstofustjóri og deildarstjóri sérkennslu fari út og það sé talin þörf á því að breyta stöðu þeirra sérstaklega sé óvænt.

Formanni foreldrafélagsins, áheyrnarfulltrúa í skólaráði, list ekki illa á þennan nýja strúktúr sem slíkan en telur ekki þörf á að ýta Birni út. Hann hafi ekki verið hluti af vandanum heldur hafi hann þvert á móti unnið frábært starf í skólanum og notið trausts kennara og annars starfsfólks.

Fundarmenn spurðu sérstaklega hvort uppsagnir í þessu breytingaferli hefðu að mati SFS eitthvað með gæði starfa þeirra einstaklinga að gera. Fulltrúar SFS fullyrtu að svo væri ekki heldur væru þetta að þeirra mati óhjákvæmilegar skipulagsbreytingar til að styrkja stjórnun og starf skólans.

Soffía útskýrði að um sé að ræða skipulagsbreytingu þar sem staða skrifstofustjóra sé lögð niður en ráða eigi í stöðu rekstrarstjóra í staðinn. Fjárhagsstaða skólans sé slæm og því mikilvægt að taka fjármálin sterkum tökum. Jafnframt sé mikilvægt að gefa nýjum skólastjóra og stjórnendateymi rými til að sinna faglegri forystu og vinna ásamt starfsfólki skólans að öfluglu skólastarfi nemendum til heilla. Fundarmenn gerðu enga athugasemd við að ráðinn yrði rekstrarstjóri sem létt gæti hluta starfa af skólastjóra en bentu á að slíkur aðili myndi tæplega fylla það skarð sem skrifstofustjóri skyldi eftir sig. Útskýra þyrfti hvernig þau fjölmörgu verkefni sem hann hefði sinnt ættu að vinnast á næstu vikum og mánuðum og til framtíðar.

Gerð var athugasemd við að í umfjöllun um þessar breytingar væri hvergi minnst á stöðu deildarstjóra eldra stigs. Fundarmenn voru slegnir yfir því að skrifstofustjóra og deildarstjóra sérkennslu hefði verið sagt upp.

Fram kom að fundarmönnum litist í sjálfu sér vel á nýjan skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem væru þekkt af góðum störfum í þágu barna og skólastarfs

Rætt um húsnæði skólans og aðstöðu starfsfólks og nemenda sem sé óásættanleg. Farið sé í endurtekna þarfagreiningar á hverju ári varðandi húsnæði en lítið gerist. Lögð áhersla á að það þurfi að fara í framkvæmdir við Melaskóla burtséð frá uppbyggingu skóla í Skerjafirði og efna þau loforð um úrbætur í húsnæðis- og aðstöðumálum sem margsinnis hafa verið gefin. Soffía mun taka þessi skilaboð til baka inn á sviðið. Soffía upplýsti jafnframt að forsögn um viðbyggingu við skólann væri að ljúka og hún myndi óska eftir því að niðurstöðurnar yrðu kynntar á starfsmannafundi í skólanum.

Helga aðstoðarskólastjóri verður starfandi skólastjóri þar til Jón Pétur Zimsen, nýr skólastjóri, kemur að fullu til starfa. Allar ákvarðanir fram að skólalokum tekur Helga í samstarfi við Jón Pétur.

Á fundinum lýsti fulltrúi kennara því að það væri upplifun þeirra að starfsfólk SFS teldi stjórnunarvanda að hluta tilkominn vegna samstarfsörðugleika við þá. Lýst var áhyggjum af því að þetta litaði mögulega viðhorf starfsfólks SFS til starfsfólks Melaskóla. Soffía fullvissaði fundarmenn um að svo væri alls ekki.

Fundi slitið kl. 16:45.